



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Vetrarfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Haldinn föstudaginn 17. mars 2023 kl. 14.00 á Courtyard by Marriott Reykjavík Keflavík airport.

Fundarefni: Innviðir á Suðurnesjum.

Mætt voru:

Reykjanesbær: Bjarni Páll Tryggvason, Díana Hilmarsdóttir, Friðjón Einarsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Kjartan Már Kjartansson, Valgerður Björk Pálsdóttir, Birgitta Rún Birgisdóttir, Hjörtur Magnús Guðbjartsson, Sigurrós Antonsdóttir.

Suðurnesjabær: Anton Kristinn Guðmundsson, Einar Jón Pálsson, Jónína Magnúsdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Magnús Stefánsson, Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, Úrsúla María Guðjónsdóttir.

Grindavíkurbær: Birgitta Rán Friðfinnsdóttir, Fannar Jónasson, Gunnar Már Gunnarsson, Hallfríður Hólmgrímsdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Sverrir Auðunsson, Eva Lind Matthíasdóttir, Sævar Birgisson.

Sveitarfélagið Vogar: Andri Rúnar Sigurðsson, Björn G. Sæbjörnsson, Eva Björk Jónsdóttir, Friðrik Valdimar Árnason, Gunnar Axel Axelsson, Inga Sigrún Baldursdóttir.

Þingmenn Suðurkjördæmis: Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Birgir Þórarinsson, Guðbrandur Einarsson, Guðrún Hafsteinsdóttir, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson, Oddný G. Harðardóttir, Vilhjálmur Árnason.

Framkvæmdastjóri S.S.S. Berglind Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

Setning fundar – Friðjón Einarsson formaður stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Formaður stjórnar bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

1. **Vetrarþjónusta og framkvæmdir á Suðurnesjum**

Einar Pálsson og Svanur G. Bjarnason fulltrúar Vegagerðarinnar voru gestir fundarins.

Efni kynningarinnar var þrjúþætt;

1. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar - Reykjanes
2. Lokun Reykjanesbraut 19.-20. desember 2022
3. Vegaframkvæmdir og viðhaldsverkefni

Vegagerðin sér um allan snjómokstur á þjóðvegum og greiðir allan kostnað við mokstur þeirra leiða sem sýndar eru á vetrarþjónustukorti Vegagerðarinnar og í samræmi við þær

reglur sem þar gilda. Vegagerðin getur frestað mokstri ef veður er óhagstætt, eins og í snjókomu eða skafrenningi, eða þegar slíkt veður er fyrirsjáanlegt. Er þá mokað næsta dag sem veður leyfir.

Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar er bundin við þjóðvegi og miðast þjónustan við mikilvægi vegar og umferð að vetrarlagi (des.-mars). Vetrarþjónustuaðgerðir, viðbragðstími, umfang hálkuvarna og þjónustutími ræðst af þjónustuflokkun vegar. Þjónustustig segir einnig til um mestu snjódypt og sléttleika yfirborðs, vegsýn á vegamótum og útmokstur. Bein tengsl eru milli umferðar að vetrarlagi og þjónustuflokkun vegar. Sem dæmi má nefna að vegur í þjónustuflokki I kann að hafa sólarhringsþjónustu og fyrirbyggjandi hálkuvarnir á meðan vegur í þjónustuflokki 4 fær aðeins hálkuvörn í flughálku á varasömum stöðum.

Það er stór og fjölmennur hópur sem kemur að vetrarþjónustunni á landsvísu. Þegar mest lætur koma 350 manns að þessu stóra verkefni. Ef horft er til Reykjanessins að þá er þjónustustöðin í Garðabæ sem er umsjónaraðili svæðisins og hefur umsjón með eftirliti. Vaktstöðin í Garðabæ sér um að kalla út bifreiðar og tæki í þjónustu. Svo eru það verktakar sem sinna sjálfri vetrarþjónustunni. Reglur um vetrarþjónustu er bundið í heimild í lögum. Vegagerðin fór tæpan milljarð yfir fjárveitinguna en heimild var upp á 3,8 mkr. sem endaði í 4,8 mkr.

Óveður gekk yfir landið aðfararnótt 17. desember 2022, byrjaði með mikilli ofankomu sunnanlands og stóð meira og minna til kvölds 21. desember. Veðurspáin hafði ekki gert ráð fyrir eins mikilli ofankomu og varð á Suðurlandi og Reykjanesi.

Mikil gagnrýni kom á Vegagerðina vegna langs tíma sem Reykjanesbrautin var lokað og hve illa gekk að fá upplýsingar um stöðuna og mat á færð næstu klukkutíma fram í tímann. Á sama tíma og vandræðin voru á Reykjanesi voru heiðar og vegir lokaðir um nánast allt land á einhverjum tímamarki. Mikið álag var á starfsmönnum Vegagerðarinnar og verktökum í langan tíma

Starfshópur var skipaður til að rýna atburðarrásina og taka samtöl við hagaðila. Niðurstöðum var skilað þann 23. janúar 2023 og voru þær m.a. eftirfarandi:

- Ekki hefði verið hægt að koma í veg fyrir að Reykjanesbrautin lokaðist
- Stytta hefði mátt lokunartímann
- Miðla hefði mátt betur/örar upplýsingum til almennings
- Miðla hefði mátt betur/meiri upplýsingum til Samhæfingarstöðvar Almannavarna

Lagðar voru fram tillögur til úrbóta:

- Skipulag snjómoksturs
- Endurskoðun viðbragðsáætlaða
- Upplýsingagjöf
- Færsla á ökutækjum sem hindra snjómokstur

Einnig var farið yfir það sem vel fór og var niðurstaðan sú að ekkert alvarlegt óhapp varð, öll tæki notuð, tæki og kerfi virkuðu, nýr vefur stóðst álagspróf og 3900 símtölum var svarað þessa tvo daga.

- Auk ofangreindra tillagna voru einnig lagðar fram tillögur að atriðum sem þyrfti að skoða;
- Aðgang að fleiri vinnuvélum við útmokstur á hringtorgum og mislægum gatnamótum
- Örari miðlun upplýsinga
- Efla samráð við sveitarfélög og ISAVIA
- Stýring og skipulag fylgdaraksturs – þarf að skilgreina
- Skoða með heimildir Vegagerðarinnar til að láta fjarlægja bíla sem hrindra snjómokstur
- Lokunarpóstar – Skoðun á staðsetningum og skipulagi lokunar, auk þess að fara yfir samstarf með björgunarsveitum og lögreglu á hverju svæði

Svanur G. Bjarnason fór yfir vegaframkvæmdir á Reykjanesi fyrir hönd Vegagerðarinnar. Búið er að bjóða út tvöföldun Reykjanesbrautar, Krýsuvík – Hvassahraun (5,6 km). Tilboð verða opnuð þann 5. apríl en gert er ráð fyrir því að verki verði lokið 2026. Verkefni er unnið í fjórum áföngum og eru skiladagar eftirfarandi:

- des 2024 skil á undirgöngum við Hraunavík og vegi gegnum þau.
- júní 2025 skil á R.braut frá ca. st. 2600-5600. (Straumvíkin að Hvassahrauni)
- október 2025 skil á R.braut frá st. 0-2300 og Álhellu.
- júní 2026 Skiladagur á öllu verkinu

Einnig kom fram í máli Svans að vonast væri til þess að tvær aðrar nýframkvæmdir kæmust inn á næstu samgönguáætlun en þær eru;

- Grindavíkurvegur (43-01), aðskilnaður akstursstefna frá Reykjanesbraut að Seltjörn (1,9 km)
- Suðurstrandarvegur (427-01), norðan Grindavíkur (5 km)

Ef horft er til viðhaldsframkvæmda á árinu 2023 er gert ráð fyrir breikkun Hafnavegar (44) frá Stapafellsvegi að Höfnum (4,6 km). Þann 2. mars voru opnuð tilboð í malbikun á Reykjanesi til 2-3 ára. Áætlað er að framkvæma fyrir 290 mkr. á árinu 2023 eða 44.000 m².

Þegar horft er á verkefnalistann fyrir Reykjanes sem er í vinnslu er áætlað að yfirleggja;

- 7 km af akreinum á Reykjanesbraut (41),
- Straumsvík-Vatnsleysa: 3 km Vatnsleysa–Vogar: 2 km Vogar-Reykjanesbær: 2 km
- Um 3,5 km af akreinum á Grindavíkurvegi (43) mesta þörfin í grennd við Blá lónið.
- Um 0,5 km á akreinum á Keflavíkurvegi (424)
- Einnig áætlað að fara í stakar viðgerðir

Til máls tóku: Einar Jón Pálsson varðandi fjölda bíla sem hreinsa brautina og minnti á breikkun vegarins milli Garðs og Sandgerðis. Fram kom í svari Vegagerðarinnar að áætlað væri að fara í þær framkvæmdir á næsta ári.

Guðbrandur Einarsson, spurði um hvernig ætti að fjarlægja bifreiðar og hvernig væri raðað í fylgdina á milli staða. Einnig hvað gerðist ef tilboð í tvöföldun Reykjanesbrautar yrðu of há, myndi verkið þá frestast.

Einar fór yfir verklag við fylgdarakstur en það er mjög vandmeðfarið. Varðandi útboðið þá er heimilt að hafna tilboði sem hægt er hærra en 20% en það verður skoðað sérstaklega.

Björn G. Sæbjörnsson, spurði hvort að Vegagerðin hefði farið í það að endurskoða forgangsröðun eftir óveðrið. Vegagerðin sagði að farið væri eftir verklagi en aðstæður hefðu verið þannig að ekki hefði verið við ráðið.

Guðrún Hafsteinsdóttir, ræddi um það hvernig ætti að fjarlægja bíla er búið að skoða breytt verklag með tilliti til þess að margir eru að aka á rafmagnsbílum. Það þarf að skoða þessi mál og bæta við reglugerð en Vegagerðin er aðeins með heimild til að fjarlægja bifreiðar úr Hvalfjarðargöngum.

Kjartan Már Kjartansson, spurði um hvert væri framhaldið að því að laga Hafnavegin alla leið út á Reykjanes. Svanur svaraði því að það væri eitthvað sem yrði að skoða að þessum árum. Hafnavegur-Nesvegur er of mjór en heimild til að breikka veginn þarf að koma inn á fjárlög.

Friðjón Einarsson, spurði um heimild til þess að hafa tæki á staðnum til að hreinsa hringtorg. Það hefur ekki verið fjallað sérstaklega um það hjá Vegagerðinni.

2. **Breytingar á sorpflokkun- nýtt kerfi.**

Davor Lucic rekstrarstjóri móttökustöðva Kölku og Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærni fulltrúi Reykjanesbæjar.

Anna Karen og Davor fóru yfir aðgerðir sem eru fram undan en þær eru umtalsverðar. Í máli þeirra kom m.a. fram að við værum búin að vera lengi í línulegu hagkerfi en þurfum að fara innleiðingu hringrásarhagkerfis. Ný lög tóku gildi um síðustu áramót en við vorum ekki tilbúin. Íslendingar eru mjög neysludrifin þjóð og þurfa kannski að draga úr neyslu. Það felast mikil tækifæri í þessu nýja kerfi. Það er hægt að samnýta og vinna saman. Mikil tækifæri til að vinna þetta sem auðlind en þetta er ekki bara rusl.

Suðurnesin eru að fara að hefja innleiðingu á nýju kerfi í sumar en gert er ráð fyrir því að henni ljúki í haust. Kalka er að fara í samstarf við Sorpu. Innleitt verður sama kerfi á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Settar verða inn upplýsingar hvernig á að flokka. Lögð verður áhersla á að ná fram samræmingu og einföldun.

Íbúar á Suðurnesjum þurfa ekki að fara í miklar aðgerðir en starfsfólk Kölku hefur skoðað þetta vel. Tunnan kemur heim til íbúa ásamt ílátum og bréfpoka undir lífrænan úrgang.

Davor fór yfir hvernig tunnum verður dreift heim til íbúa. Munur er á því hvort um sé að ræða einbýlishús eða fjölbýlishús. Í fjölbýlishúsum verður ekki lengur hægt að nota sorpennur en starfsmenn Köllu skoðuðu aðstæður í Reykjanesbæ. Lagt er til að nota þrjú 660 lítra ílát við fjölbýlishús. Við þessar breytingar opnast tækifæri fyrir fjölbýlishús til þess að nota sorpgeymslur undir eitthvað annað.

Flokkun verður aukin á grenndarstöðvum en einnig er í skoðun að fjölga minni grenndarstöðvum. Merkingar verða alþjóðlegar en litur tunnanna skiptir ekki máli heldur hvaða límmiðar eru á þeim.

Fjöldi tunna fer úr 16.800 í 25.000 og flokkar fara úr 5 í 11. Davor sagði einnig frá góðu samstarfi sveitarfélaganna á Suðurnesjum en haldið hefur verið vel utan um fjölda sorptunna í svokölluðu tunnuskjali. Skjalið er mikilvægt fyrir sveitarfélögin þegar kemur að gjaldtöku.

Kalka hefur verið í samtali við björgunarsveitir á Suðurnesjum um samstarf. Gert er ráð fyrir því að fara í herferð einum mánuði áður en tunnum er dreift.

Búið er að setja inn vefsíðuna flokkum.is en það verður einn vefur þar sem haldið verður utan um allar upplýsingar um einum stað, þ.e.a.s. um hvernig á að flokka. Aðrar upplýsingar verða birtar á heimasíðu sveitarfélaganna.

Díana Hilmarsdóttir spurði um hvernig ætti að kynna flokkun á vinnustöðum og stofnunum. Hvernig á að samræma kynningar og límmiða. Eiga gámafyrirtæki sem þjónusta fyrirtæki að sjá um það? Davor sagði að það verkefni væri á ábyrgð fyrirtækja sem sjá um þá losun.

Fannar Jónasson, spurði um hver ætti að halda utan um greitt þegar hent er. Anna Karen sagði að flestir hafa farið í rúmmálmælingar/rúmmálsleið. Anna Karen benti á upplýsingar sem hægt væri að finna um hraðall á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga en sveitarfélögin bera ábyrgð á því að halda utan um þessi mál.

Anton K. Guðmundsson, spurði hvort búið væri að áætla kostnaði við þessar breytingar t.d. vegna pappírþokanna. Fram kom í svari að 80 bréfpökum verður dreift inn á hvert heimili en eftir það munu þeir liggja fram í sundmiðstöðvum og matvöruverslunum ókeypis, alla vegna um tíma.

3. Raforkuöryggi- kynning á vinnu starfshóps.

Guðlaugur Þór Þórðarson ráðherra Umhverfis-, orku- og loftslags og Hanna Björg Konráðsdóttir deildarstjóri raforkueftirlits Orkustofunnar.

Ráðherra flutti inngang um áskoranir sem blasa við okkur með tilliti til orkuskipta sem og undanfarann sem varð til þess að skipaður var starfshópur til að takast á við þær aðstæður sem sköpuðust í janúar 2023.

Hanna Björg fór yfir niðurstöður starfshópsins um orkuöryggi á Suðurnesjum sem skipaður var í janúar 2023. Eftirfarandi hlutir voru skoðaðir:

- Upplýsingum um upptök, orsök og áhrif bilunarinnar í flutningskerfinu á önnur kerfi.
- Hvaða úrbóta er þörf til að fyrirbyggja að slík bilun endurtaki sig.
- Upplýsingum um áætlanir Landsnets, orkufyrirtækja, dreifiveitna og sveitarfélaga um úrbætur sem eflt gætu orkuöryggi á svæðinu.
- Upplýsingum um varaafll.
- Upplýsingum um hvort ástæða sé til að breyta áætlunum til að flýta framkvæmdum

Orsök bilunar má rekja til bilunar í eldingavara í tengivirki á Fitjum. Við það leysir Suðurnesjalína 1 út. Það hefur keðjuverkandi áhrif þannig að Reykjanesvirkjun og Svartsengi leysa einnig út.

Á innan við 8 mínútum verður allt Reykjanesið rafmagnslaust, dælur veitukerfa verða rafmagnslausar og heitavatnslaust varð hjá notendum á svæðinu. Áhrif rafmagnsleysisins teygðu anga sína víðar en þrýstingur féll í dreifikerfi vatnsveitunnar og fjarskiptasamband rofnaði vegna rafmagnsleysis.

Lagðar voru fram tillögur að mögulegum úrbótum til að efla öryggi:

- Að aflvélar og reglunarbúnaður HS–orku geti brugðist við slíkum truflunum.
- Mikilvægt að tíðnistýra vélarbúnaði við slíkar aðstæður en ekki aflstýra.
- HS–Orka og Landsnet vinna í sameiningu að því að koma sjálfvirkri skiptingu í tíðnireglun
- Tryggja þarf að varaafll sé aðgengilegt en bilunar varð vart þegar reynt var að ræsa vélar í straumleysi (Black start)
- HS-Orka hefur nú þegar ráðist í að kaupa nýjar varaafllsvélar til að koma í veg fyrir áhrif rafmagnstruflana á vatnsdreifikerfið og eru þær á leiðinni til landsins.
- Nauðsynlegt er að starfsemi veitukerfa skerðist ekki vegna rafmagnstruflana

Bæta þarf úr afhendingaröryggi Grindavíkur. Ef Svartsengisvirkjun stöðvast, hvort sem er vegna viðhalds eða bilana verður Grindavík rafmagnslaus og jafnframt stöðvast afhending á heitu og köldu vatni til Grindavíkur.

Unnið er að endurnýjun stofnæða fyrir heitt og kalt vatn frá Svartsengi að afhendingarstöðum við Grindavík. Áform eru um að tengja varastreng sem liggur samhliða núverandi streng, detti sá út.

Til framtíðar ætti að koma upp hringtengingu í flutningskerfi raforku á Suðurnesjum sem liggur bæði um norðanvert og sunnanvert nesið.

Nokkrar framkvæmdir í lokaundirbúningi sem snúa að bættu afhendingaröryggi á Suðurnesjum. Unnið er að endurnýjun búnaðar í tengivirkinu í Fitjum og byggingu nýs tengivirkis á Njarðvíkurheiði. Framkvæmdaleyfi liggur fyrir þess hluta Suðurnesjalínu 2 sem liggur milli Rauðamels og Fitja. Eftir er að tengja jarðstreng á milli Njarðvíkurheiðar og Fitja. Útkljá þarf deilur um túlkun ákvæða í samningum um skerðanlegan flutning.

Fram kom í máli Hönnu Bjargar að Landsnet býr ekki yfir varaafli á Suðurnesjum eingöngu færanlegum varaafstöðvum sem flestar eru staðsettar í Vestmannaeyjum. HS – veitur reka um 9 MW varaafli hjá almennum viðskiptavinum á Suðurnesjum og eru stærstu vélarnar staðsettar hjá flugstöðinni og fiskeldum á svæðinu. HS Orka er aðeins með varaafli til að sinna eigin orkuþörf, sem snýr að því að geta keyrt upp virkjanir og halda uppi vatnsframleiðslu.

Starfshópurinn bendir á að byggja þurfi Suðurnesjalínu 2 og að taka þurfi hana í rekstur sem fyrst. Nauðsynlegt sé að tryggja fullnægjandi flutningsgetu til framtíðar inn á svæðið og viðunandi afhendingaröryggi. Aukin raforkunotkun á Suðurnesjum hefur leitt til þess að flutningskerfið er orðið verulega þungt lestað, ástandið er farið að valda verulegu tjóni fyrir atvinnustarfsemi á svæðinu.

Áhrif þess að Suðurnesjalína 1 fari skyndilega úr rekstri er nær undantekningarlaust straumleysi á Suðurnesjum með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á heimili, mikilvæga samfélagslega innviði og starfsemi og fyrirtæki. Fullnægjandi flutningsgeta getur mætt stærri frávikum sem valda tíðnibreytingum og að truflanir á Suðurnesjum geti valdið útslætti á höfuðborgarsvæðinu því sé mikilvægi N-1 tengingar á Suðurnesjum ótvírætt.

Fram kom að nýjar raforkuspár liggja ekki fyrir en í eldri spá er gert ráð fyrir að Aflþörf notkunar á Suðurnesjum í dag er 155 til 200 MW og Suðurnesjalína 1 annar 150 MW. Þar af nota gagnaver um 100 MW. Framleiðsla á svæðinu er um 145 MW. Almenn notkun eykst um a.m.k. 20 MW til ársins 2040. Stórnotendur munu aukast um a.m.k. 15 MW en vilji er til mun hærri aukningar í gagnaver, rafeldsneyti, fiskeldi o.fl.

Uppsett afl núverandi virkjana á Suðurnesjum er 175 MW, framleiðsla er um 145 MW. Stækkanir Reykjanesvirkjunar 30 MW og Svartsengis um 22 MW eru yfirstandandi.

Hanna Björg fór yfir hlutverk Orkustofunnar við uppbyggingu flutningskerfis sem og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína skv. þingsályktun nr. 11/144 frá árin 2015. Í Stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148 frá júní 2018 segir m.a;

„Treysta skal flutningskerfið betur, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Skulu Eyjafjarðarsvæði, Vestfirðir og Suðurnes vera sett í forgang“.

En þar með hafa stjórnvöld undirstrikað mikilvægi uppbyggingar flutningskerfis raforku á svæðinu. Það segir einnig í stefnunni að:

„Þegar framkvæmd í flutningskerfinu tekur til fleiri en eins sveitarfélags skal tryggja að ákvarðanir um einstaka jarðstrengskafla, þegar það á við, byggist á heildstæðu mati á þeim hluta flutningskerfisins þar sem lengd jarðstrengskafla er háð takmörkunum og innbyrðis háð. Í slíkum tilvikum skal miða að því að jarðstrengskaflar séu nýttir á þeim svæðum þar sem jarðstrengur hefur í för með sér mestan ávinning umfram loftlínu. Gæta skal jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa við uppbygginguna“.

Ekkert er hins vegar útfært hvernig slíkt mat skuli fara fram.

Orkustofnun hefur samþykkt framkvæmdina Suðurnesjalína 2 með samþykkt kerfisáætlunar fyrir árin: 2016 – 2025, 2018 – 2027, 2019 – 2028, 2020 – 2029, 2021 – 2030.

Verkefnið snýr að byggingu 220 kV loftlínu sem fer um Hrauntungur og frá sveitarfélagsmörkum Hafnarfjarðar og Sveitarfélagsins Voga liggur hún samhliða Suðurnesjalínu 1. Innan þéttbýlismarka Hafnarfjarðar liggur línan í jörðu á milli Hamraness og Hraunhelli. Raflínan er alls 33,9 km löng. Með samþykki sínu á framkvæmdáætlun kerfisáætlunar 2021 – 2030 féllst Raforkueftirlit Orkustofnunar á rökstuðning fyrir framkvæmdinni en þar kemur fram að framkvæmdin sé afar mikilvæg fyrir afhendingaröryggi rafmagns á Suðurnesjum. Lagður hefur verið til valkostur C en sá kostur er talinn best uppfylla markmið raforkulaga og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og stefnu um lagningu raflína.

Að lokum var rætt um leiðir sem hægt væri að fara til að einfalda ferli leyfisveitinga. Dæmi um það gætu verið:

- Skipun ráðherra á framkvæmdaleyfisnefnd þar sem sætu fulltrúar viðkomandi sveitarfélaga.
- Stjórnvöld skipulagsmála auk stjórnvalda orkumála ættu aðkomu í ljósi þeirra sérstöku lagakrafna sem raforkulög setja varðandi uppbyggingu flutningskerfisins og stefnu stjórnvalda þar um.
- Þá er mikilvægt að ágreiningur um veitingu framkvæmdaleyfis valdi ekki töfum á ákvörðun. Þá mætti einnig vísa ágreiningi til úrskurðar ráðherra.

Opnað var fyrir fyrirspurnir.

Bjarni Páll Tryggvason frá Reykjanesbæ. Megum við eiga von á því að frekari tafir geti orðið á málinu? Hvernig er hægt að einfalda málsmeðferð?

Ráðherra fór yfir það sem búið er að gera hjá ráðuneytinu til þess að einfalda reglugerðir. Ráðherra leggur áherslu á mikilvægi samstarfs á milli ríkis og sveitarfélaga.

Gunnar Axel Axelsson spurði um stefnu stjórnvalda en Landsnet og Orkustofnun hafa bent á að það þurfi að fara eftir stefnu stjórnvalda. Spyr hvort að það sé vilji til þess að endurskoða stefnu stjórnvalda. Ráðherra svarar því að það sé alltaf vilji til að skoða það sem hægt er að gera en því miður munu reglurnar munu aldrei verða fullkomnar.

Einar Jón Pálsson, þakkar Hönnu Björg fyrir góða yfirferð. Er ekkert annað sem við getum gert til að ná samkomulagi, annað en að fara í þessar breytingar sem hún fór yfir. Hanna segir að aðeins séu tvö atriði sem út af standa, framkvæmdaleyfi frá Sveitarfélaginu Vogum og landeigendum.

Oddný Harðardóttir, þakkar fyrir kynninguna og minnir á að stefna stjórnvalda sé að gæta þurfi að samfélags, efnahagslega og umhverfisþáttum. Hvers vegna er ekki hægt að teygja á þann hnút sem upp er komin með því að koma á móts við óskir sveitarfélagsins Voga. Í svari Orkustofnunar kemur fram að stofnuninni er ekki falið að leggja mat á þessa þætti heldur sé það önnur stofnun.

Oddný leggur til við ráðherra að mikilvægt sé að skoða viðmiðin sem fram eru lögð í stefnu stjórnvalda. Ráðherra bendir á að inngríp ráðherra í málið myndi ekki leysa málið, það myndi kalla á frekari kærumál.

Vilhjálmur Árnason þingmaður sem er í umhverfis og samgöngunefnd Alþingis, segir að nefndin sé að leggja til breytingar á lögum. Hann spyr einnig um kærufarli varðandi Suðurnesjalínu 2, hafa þau ekki farið í gang og hafa þau staðist? Hvað þýða þessar tölur um uppbyggingu, hvenær er allt rafmagn búið.

Hanna Björg segir að ferlið hefur staðist hingað til. Veitingar leyfis hafa staðist. Varðandi rafmagn, þá mun það gerast að fyrirtækjum í framtíðinni verði hafnað þar sem ekki sé til raforka.

Anton Kristinn Guðmundsson spyr hvort rætt hafi verið um að fara í eignarnám á landi þó svo að framkvæmdaleyfið sé alltaf háð leyfisveitingu sveitarfélaganna.

Ráðherra segir að við þurfum alltaf að endurskoða verkferla en eignarnám mun ekki leysa þetta mál.

4. **Samþætting stjórna landshlutasamtakanna.**

Róbert Ragnarsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir, KPMG.

Yfirskrift kynningarinnar var „rýnum til gagns“ Farið var yfir núverandi stöðu stjórna og þær flokkaðar niður í málefni, atvinnulíf, markaðssetning og nýsköpun, menning, skipulag- og umhverfi. Lögð var áhersla á að skoða ætti sérstaklega atvinnulíf, markaðssetningu og nýsköpun en farið var vel yfir markmið hvers verkefnis.

Lagðar voru fram 3 spurningar sem fundarfólk var beðið um að svara inn á Slido en könnunin var opin til mánudagsins 20.03. Spurningarinnar voru þrjár en þær voru:

1. Hvað gengur vel í málaflokknum?
2. Hverjar eru áskoranirnar til framtíðar?
3. Er tækifæri til aukinnar samþættingar og skilvirkni?

Fram kom í máli Bryndísar og Róberts að mjög oft væri um að ræða sama fólkið með marga keimlíka hatta. Upplýsingarnar sýndu að 29% stjórnarmanna sitja í fjórum eða fleiri nefndum en 50% stjórnarmanna sitja í tveimur eða fleiri nefndum. Aðeins ein kona ætti sæti í þessum 29 stjórnarsætum sem voru til skoðunar eða 3,5%.

Farið var yfir önnur fordæmi en flest landshlutasamtök á Íslandi hafa sameinað stjórnir landshlutasamtakanna og atvinnuþróunarfélaga á svæðinu. Að lokum var farið yfir verk og tímalínu verkefnisins en gert er ráð fyrir því að leggja fram tillögur á aðalfundi SSS í haust.

5. **Léttar veitingar.**

Formaður bauð gestum að þiggja veitingar að fundi loknum. Formaður þakkaði þeim sem fluttu erindi og fundarmönnum fyrir komuna og sleit fundi kl. 17:05.

Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri S.S.S.